


Tjáskipti manna

Kaflar 5.1-5.3

Heilinn og tungumálið

- Vinstra heilahvel – hægri hlið
- Hægra heilahvel – vinstri hlið
 - Ennisblað, hvirfilblað, hnakkablað og gagnaugablað
- Málstöðvar yfirleitt í vinstra heilahveli
 - Í hvaða tilvikum skyldu þær vera í því hægra?
 - Málstöðvar eru tvær
 - Broca-svæðið og Wernicke-svæðið

Málstöðvar heilans



Broca-svæðið

- Gegnir lykilhlutverki í málúrvinnslu
- Paul Broca (1824-1880)
 - Franskur læknir og mannfræðingur
 - Sjúklingar með skaddað Broca-svæði
 - eiga erfitt með máltjáningu (tala)



Wernicke-svæðið

- Málskilningur
- Carl Wernicke (1848-1905)
 - Þýskur taugalæknir
 - Sjúklingar með skaddað

Wernicke-svæði eiga erfitt með að skilja tal- og ritmál



Málstol

- Erfiðleikar við tjáningu
 - Af völdum heilaskemmda
 - t.d. vegna heilablæðingar
 - Ekkert að talfærum
- Má skipta í:
 - Tjástol
 - Málfræðistol
 - Skilningsstol

Tjástol / Málfræðistol

- Skemmd á Broca-svæði
 - Tjáning fer úr skorðum
 - Beygingar riðlast eða orð óbeygð
 - Setningar einfaldar, jafnvel rangar
 - Tal hikandi, hljómfall óeðlilegt
 - Notkun kerfisorða á reiki
- Sjúklingur ræður hugsanlega við **nafnorðið** **'á'** en ekki **forsetninguna 'á'**.

Dæmi um tjástol

- þá það var úlfur
 - og heitir Rauðhetta
 - maís kominn er stór
 - og svo er hann bíl
- þá var það úlfurinn
 - og hún heitir Rauðhetta
 - maísinn er kominn og er stór
 - og svo er hann með bíl

Skilningsstol

- Setningar formlega rétt myndaðar
 - Merkingarlega óskiljanlegar
- Svör ekki í samræmi við spurningar
- Sjúklingar skilja hvorki sjálfa sig né aðra

Dæmi um skilningsstol

Þú hefur gleymt að raka þig í morgun.

- Mér hefur gengið prýðilega.

Gleymdirðu að raka þig í morgun?

- Já, já. Það má segja það. Ég hef haft nóg að gera nú í gærkveldi.

Hvernig stendur á því að þú rakaðir þig ekki í morgun?

- Hvað hef ég gert í nótt?

Talgallar

- Málstöðvar í lagi en aðrar hindranir í máli

S.S.:

- Mállegt verkstol
- Þvogl
- Stam
- Raddgallar

Mállegt verkstol og þvogl

- Mállegt verkstol
 - Framburðargalli
 - Orsökkin heilaskaði:
 - Erfiðleikar með að finna réttu hljóðin
 - Talfærin láta ekki að stjórn
 - Tilviljunarkennt: Erfitt að leiðrétta
- Þvogl
 - Orsökkin heilaskaði
 - Óskýrmæli og minni raddstyrkur
 - Vöðvar talfæra og öndunarfæra slappir

Stam

- Ólíkar birtingarmyndir
 - hljóð, atkvæði, orð eða setningarhlutar
- Kemur oft fram við 3-6 ára aldur
- Því fylgir:
 - Spenna í öndunar- og talfærum
 - Kækir s.s.
 - Sérkennilegar höfuðhreyfingar
 - „Tittlingadráp“ (blikka ört)

Raddgallar

- Líffræðilegar orsakir, má rekja til:
 - barkakýlis, koks, munns, nefis eða eyrna
 - Meðfætt
 - t.d. holgóma einstaklingar
 - Nefmæltir
 - Áunnið /sköddun
 - Hnútar/blöðrur/sár á raddböndum
 - Kennarar, söngvarar, leikarar
 - Raddbandalömun
 - Sködduð raddbandataug